

Nd.

256. Frumvarp til laga

um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Stofna skal og starfrækja reikningaskrifstofu sjávarútvegsins undir yfirstjórn Fiskifélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé.

2. gr.

Ríkissjóður skal endurgreiða Fiskifélagi Íslands kostnað við reikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu skýrslu um útgerðarkostnað og til eyðublaða til innfærslu reikninga um útgerðir, sem skrifstofan lætur gera, þó eigi yfir kr. 10000.00 á ári.

3. gr.

Hlutverk reikningaskrifstofu sjávarútvegsins er:

1. Að safna saman reikningum um útgerðir viðs vegar á landinu, bæði frá þeim, sem bókhaldsskyldir eru, og öðrum, sem halda slíka reikninga, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af rekstri útgerðarfyrirtækja yfirleitt og jafnframt af rekstri hinna ýmsu greina útgerðarinnar.
2. Að stuðla að því, að þeir, sem útgerð reka, en ekki eru bókhaldsskyldir, haldi sem gleggsta reikninga um útgerðina og aðstoða þá við uppgjör þeirra.
3. Að vinna hagfræðilegar upplýsingar úr þeim reikningum, sem skrifstofunni berast, um allar greinar útgerðarinnar, eftir því sem unni er. Birtir skrifstofan skýrslur um niðurstöður sínar árlega.
4. Að útbúa og gefa út hentug eyðublöð fyrir útgerðarreikninga með skýringum um færslu þeirra.
5. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar með hagfræðilega útreikninga og skýringar varðandi sjávarútveginn, ef hún óskar þess.

4. gr.

Forstöðumanni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um efnahag eða tekjur einstakra manna eða fyrirtækja.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Millipinganefnd í sjávarútvegsmálum 1943 hefur samið frumvarp þetta, og fylgdi því frá henni svo hljóðandi greinargerð:

Reynsla undanfarinna ára hefur sannað, að brýn þörf er fyrir skrifstofu þá, sem stofna á samkv. frumvarpinu. Á síðustu 10 árum hefur þrisvar verið skipuð eða kosin nefnd að tilhlutun Alþingis til þess að leggja ráð á til lausnar ýmissa vandamála sjávarútvegsins. Allar þessar nefndir hafa orðið að hefja störf sín á því að safna skýrslum og gögnum varðandi hag útgerðarinnar og rekstur undanfarin ár. Rannsóknir þessar hafa orðið tímafrekar og kostnaðarsamar og tafið störf nefnda. En auk þess verða slíkar skyndiskýrslur ætíð miður áreiðanlegar en þær, sem gerðar væru samhliða rekstrinum á hverjum tíma. Þarf eigi að því að eyða mörgum orðum, hver gagnsemi getur að því orðið, að ríkisstjórnin og Alþingi eigi, hvenær sem þörf krefur, aðgang að áreiðanlegum heimildum um hag og rekstrarafkomu og rekstrar-skilyrði sjávarútvegsins.

Auk þessa gæti skrifstofan látið útgerðarmönnum í té margháttaðar leiðbeiningar.

Sjálfsgætt þykir, að Fiskifélagið taki að sér rekstur skrifstofunnar. Það mundi hafa tök á því framfarir öllum öðrum að fá reikninga og önnur gögn frá útgerðarmönnum, án þess að þeir séu skyldaðir til slíkrar skýrslugjafar með lögum, og að sjálfsgættu getur Fiskifélagið rekið skrifstofuna með minni kostnaði en aðrir.